

Mál nr. 438/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. nóvember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags 6. janúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. apríl 2026.

Málsatvik.

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga vinnuslyss síns hjá X 3. júní 2024. Byggir M á því að hún hafði í umrætt sinn verið að taka úr uppþvottavél inni í eldhúsi þegar hún rann í bleytu á gólfinu, sem hafði lekið úr uppþvottavélinni, með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig og slasaðist. Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um slysið 5. júní 2024 en engin rannsókn farið fram af þess hálfu. Þá hafi M verið óvinnufær í kjölfar slyssins. V hafi hafnað því að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M, nokkuð sem M geti ekki fellt sig við.

M byggir á því að vinnuaðstæður í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi. Því til stuðnings vísar hún m.a. í 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Telur M að X hafi brotið gegn framangreindum ákvæðum er slysið varð. Það sé á ábyrgð X að sjá til þess að starfsmenn séu öruggir á vinnustað og séu ekki í hættu á að verða fyrir slysi með því að renna í bleytu. Í þeim tilgangi að tryggja öryggi starfsmanna hafi X borið að sjá til þess að uppþvottavélin væri í góðu ásigkomulagi og að gólf vinnurýmisins væri hreint og þurrt. Telur M að auðveldlega og án mikillar fyrirhafnar hefði verið hægt að fyrirbyggja slysið í umrætt sinn með slíkum ráðstöfunum. Til hliðsjónar vísar M í dóm Hæstaréttar í máli nr. 154/2000. Þá byggir M einnig á að viðhaldi á uppþvottavélinni hafi ekki verið sinnt og telur M því augljóst að uppþvottavélin hafi verið vanbúin og þ.a.l. lekið sem sé alfarið á ábyrgð X. Auk framangreinds byggir M á að verkstjórn af hálfu X hafi verið óforsvaranleg. Að lokum bendir M á að X hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins með réttum hætti, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Telur M að af þeim sökum verði X að bera hallann af skorti á sönnun um atriði sem talin eru óljós. Í ljósi þeirrar skyldu sem hafi hvílt á X að grafast fyrir um orsakir slyssins verði V því að bera hallann af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst. Verði talið að X hafi uppfyllt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 byggir M á því að X verði samt sem áður að bera hallann af því að málsatvik séu ekki nægilega upplýst, enda hafi það staðið X mun nær en M að upplýsa frekar um atvik málsins.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Tekið er fram að í málskoti byggi M á að vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi. Hvað varðar tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 þá telur V að ekki verði séð að atvik séu óljós að neinu leyti. Þvert á móti virðist aðilar algjörlega sammála um atvik. Í því sambandi bendir V á að eftirfarandi komi fram í málskoti: „Í kjölfar slyssins var F[...], fyrirtæki sem þjónustar uppþvottavélar vátryggingartaka, fengið til að taka út uppþvottavélina. Starfsmenn F[...] komust að þeirri niðurstöðu að vélin var að leka úr „booster“. Í kjölfarið var viðgerð framkvæmd á vélinni til að stöðva lekann.“ Hvað nánar varði vélina og bilun á henni bendir V á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi starfsfólk fyrst orðið vart við umræddan leka eftir að M hafi runnið í bleytunni frá vélinni. Fram að slysinu hafði vélin hvorki lekið né starfsfólk orðið vart við að hún væri biluð. Um hafi verið að ræða bilun sem hafi komið skyndilega fram rétt fyrir slys M og sem enginn hafi vitað um fyrr en slys M gerðist. Hafi vélin heldur ekki lekið áður. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi viðhaldi á uppþvottavélinni verið sinnt eftir þörfum. Í lögum sé ekki kveðið á um skoðunarskyldu véla sem þessara. Bilanir geti komið upp í vélum og sé þá brugðist við þeim. V geti því ekki fallist á að viðhaldi á vélinni hafi ekki verið sinnt. Ekki hafa orðið önnur sambærileg slys áður hjá X vegna þess að vatn leki úr tækjabúnaði. Eftir slys M hafi X brugðist strax við og fengið

viðgerðaraðila til þess að gera við vélina. V telur því að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð og framangreindum athugasemdum V mótmælt. Þá leggur M sérstaka áherslu á að aðilar séu ekki sammála um atvik máls. Þannig telur M að upplýsingar sem fram komi á reikningi vegna viðgerðar á uppþvottavélinni eftir slysið bendi til þess að viðhaldi hafi ekki verið sinnt og vélin því verið vanbúin á slysdegi. Einnig liggi ekki fyrir hvers vegna uppþvottavélin lak eða hvort einhver annar hafi orðið var við bleytuna áður en slysið átti sér stað.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. bent á hvað orsakir lekans varði þá segi eftirfarandi í viðbótarathugasemdum M: „sé með engu ljóst hvers vegna uppþvottavélin lak í umrætt sinn“. Þessu sé V algjörlega ósammála, enda liggi fyrir reikningur frá viðgerðaraðila uppþvottavélarinnar þar sem segi orðrétt um viðgerð sem hafi farið fram 5. júní 2024: „Uppþvottavél var að leka úr booster. Vél tekin í sundur, skipt um booster og þéttingar við booster. Einnig skipt um element í tanki sem var orðið mjög lélegt. Vél tengd og prófuð – í lagi.“ V sem telur því að ekki geti orðið mikið skýrara hver orsök lekans var, er ekki sammála því að atvik málsins séu óljós. Hvað meint viðhaldsleysi varði tekur V fram að M byggi í athugasemdum sínum á því að þar sem uppþvottavélin hafi lekið sé ljóst að viðhaldi á uppþvottavélinni hafi ekki verið sinnt. Þessu sé V einnig ósammála. Í því sambandi bendir V á að samkvæmt viðgerðarreikningi uppþvottavélarinnar sé um að ræða WD4 uppþvottavél. Þær vélar séu framleiddar af sænska fyrirtækinu Wexiödisk sem sérhæfi sig í faguppþvottavélum fyrir stóreldhús. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi viðhaldi á uppþvottavélinni verið sinnt eftir þörfum. Í lögum sé ekki kveðið á um skoðunarskyldu véla sem þessara og gerir framleiðandi vélanna ekki kröfu um það. Vélina hafði ekki lekið áður og engin merki hafi verið um bilun eða leka áður en atvikið átti sér stað. Booster (forhitari), þéttingar og element séu hluti af innri hluta uppþvottavéla og ekki sýnilegir notendum. Bilanir geti komið upp í vélum og sé þá brugðist við þeim eins og eðlilegt er. V getir því ekki fallist á að viðhaldi á vélinni hafi ekki verið sinnt. Ekki hafa orðið önnur sambærileg slys áður hjá X vegna þess að vatn leki úr tækjabúnaði. Að öðru leyti vísar V til fyrri athugasemda sinna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Það liggur fyrir að X tilkynnti slysið til Vinnueftirlitsins 5. júní 2024, en M slasaðist 3. sama mánaðar. Ágreiningur er um það í málinu hvort framangreind tilkynning til Vinnueftirlitsins hafi brotið gegn því sem segir í 1. mgr. 79. gr. Þegar tilkynningarskylda hefur verið vanrækt, og vafi er uppi um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur hins vegar að ekki verði annað séð en að það liggi fyrir af gögnum málsins hvernig slys M atvikaðist og hvers vegna uppþvottavélin bilaði. Jafnframt hefur V byggt á því að starfsfólk X hafi fyrst orðið vart við umræddan leka eftir að M slasaðist. Um hafi verið að ræða skyndilega bilun sem komið hafi fram rétt fyrir slys M auk þess sem vélina hafi ekki lekið áður. Þá hafa að mati nefndarinnar ekki verið lögð fram nein gögn sem bent gætu til þess að X hafi vanrækt viðhald vélarinnar. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir